

#### 443. fundur framkvæmdanefndar búvörusamninga, 14. september 2020, kl.9:45 í Teams.

Eftirfarandi tóku þátt í fundi í gegnum Teams fjarfundarbúnað:

Elísabet Anna Jónsdóttir, formaður, ANR, Arnar Freyr Einarsson, ANR, Arnar Árnason formaður LK, Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda, Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, sem áheyrnarfulltrúi, og Jón Baldur Lorange, ANR, starfsmaður nefndarinnar, sem skrifaði fundargerð. Þorvaldur Tómas Jónsson, ANR, var á fundinum undir 2. lið dagskrárinnar. Elísabet Anna vék af fundi eftir afgreiðslu á 4. lið dagskrár.

Eftirfarandi var tekið fyrir samkvæmt dagskrá:

1. **Fundargerð 441. fundar**, sem var haldinn 14. september 2020. Fundargerð samþykkt samhljóða án athugasemda.
2. **Innanlandsvog** í samræmi við 5. gr. reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt nr. 1253/2019 kynnt vegna framleiðsluársins 2020-2021. Hlutverk hennar er að skilgreina þarfir og eftirspurn innanlandsmarkaðar eftir kindakjöti, m.a. með það að markmiði að álagsgreiðslur vegna gæðastýringar skiptist á þann hluta heildarframleiðslunnar sem ætluð er fyrir innanlandsmarkað. Innanlandsvog fyrir dillakjöt framleiðsluárið 2020 – 2021 er áætluð 7.992 tonn (áætluð heildarframleiðsla 8.006 tonn) og innanlandsvog fyrir kjöt af fullorðnu fé framleiðsluárið 2020 – 2021 er áætluð 1.009 tonn (áætluð heildarframleiðsla 1.293 tonn). Engar athugasemdir. Áætlun staðfest í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 1253/2019.
3. **Erindi Bjargráðasjóðs** um afurðatjón kúabænda vegna óveðursins í desember 2019. Vísað er til heimildar sem ráðherra hefur í 32. gr. búvörulaga. Um er að ræða tillögu um að bændum séu tryggðar fullar beingreiðslur út á greiðslumark skv. 10. gr. reglugerðar um stuðning við nautgripærækt nr. 1252/2019 þrátt fyrir að þeir nái ekki að uppfylla 100% framleiðsluskyldu, sé skerðing framleiðslugetu sannanlega rakin til rafmagnsleysis sem varð í óveðrinu í desember 2019. Framkvæmdanefnd samþykkti erindið fyrir sitt leiti, sem var vísað til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til áframhaldandi vinnslu.
4. **Erindi LK og BÍ um ráðstöfun 40 milljónum króna af 6. gr. samnings um starfsskilyrði í nautgripærækt um framleiðslujafnvægi** verði ráðstafað til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins til verkefnisins *erfðamengisúrval í íslenskri nautgripærækt*. Erindið tekið til afgreiðslu. Engar athugasemdir. Tillagan var samþykkt.
5. **Önnur mál:** Umræða um mælaborð landbúnaðarins og verkefni um endurskoðun á birgðaskráningu í kjöti.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið um 10:30.